



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 23. nóvember 2021

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: 23.11.2021 kl. 13:00

Mættir: Anna, Ragnar, Áróra, Íris, Alexandra, Sirrý. **Fjarverandi:** Bjarni, Olga

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland:

1. Alexandra Kjeld, ritari stjórnar (AK), – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
2. Bjarni Þór Þórólfsson, meðstjórnandi (BPP), – Búseti – bjarni@buseti.is
3. Olga Árnadóttir, stjórnarmaður (OÁ), – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
4. Ragnar Ómarsson, formaður stjórnar (RÓ), – Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir, stjórnarmaður (SÓB), – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is
6. Anna Sigríður Jóhannsdóttir, stjórnarmaður (ASJ), - VA arkitektar – anna@vaarkitektar.is
7. Íris Þórarinsdóttir, gjaldkeri stjórnar (ÍÞ), - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
8. Áróra Árnadóttir (ÁÁ) – framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Fundargerðir sl. funda og málefni félags
2. Askur mannvirkjasjóður
3. Styrkur úr U&A-ráðuneyti
4. BREEAM Champion á Íslandi
5. Webinar NGBC 19. janúar
6. Málþing um orkunotkun 10. febrúar
7. Önnur mál.

1. Fundargerðir sl. funda og málefni félags

Fundargerðir síðastliðinna funda GB (18. maí í Verkís, 2. júní í Vinnustofu Kjarvals, 28. júní í Verkís, 20. ágúst á Teams, 20. október í Verkís) voru samþykktir.

Rædd voru lög félags og þá stöðu að þrjú stjórnarmenn hafa skipt um starfsvettvang frá seinasta aðalfundi (Anna, Olga, Sigríður). Þetta hefur ekki verið vandkvæðum bundið til þessa og er það ekki nú. Ákvarðaður var fastur fundartími, annar þri/mið í mánuði.

2. Askur mannvirkjasjóður

Fyrsti umsóknarfrestur nýs sjóðs núna í byrjun desember. Ein hugmynd sem GB yrði samstarfsaðili að: Hringrásarhagkerfi – endurnotkun byggingarefna. Áróra fundar ásamt Hönnunarmiðstöð, Þórhildi Fjólu hjá EFLU, ásamt Sirrý á föstudag í Grósku til þess að skoða þetta verkefni nánar og taka það áfram.



3. Styrkur úr U&A-ráðuneyti

Nú hefur fengist samþykkt fjármagn til tveggja verkefna. Eitt varðar kortlagningu á notkun endurnotaðra eða endurunninna byggingarefna og hvernig það rúmast innan byggingarreglur. Annað verkefni snýr að rýni á reynslu byggingaraðila á Íslandi af BREEAM (málstofa hagaðila) rætt var með hvaða formi þetta yrði fengið unnið – ráða starfsmann, fá MS nemanda, útvista vinnu til verkfræðistofa?

4. BREEAM Champion á Íslandi

Samningur við BREEAM verður ræddur á næsta fundi í desember 2021, þ.e. samningur GB við BREEAM um að gerast facilitator (Champion) á Íslandi. Ragnar kemur með umræðupunkta og skoðaður verður grundvöllur til rekstrar.

5. Webinar NGBC 19. janúar – Resilience and Climate Adaptation

Áróra sagði frá dagskrá webinar. Sirrý verður fundarstjóri og verður viðburður í beinu streymi. Erindi frá Íslandi, Finnlandi, Noregur og Danmörk. Erindi um náttúruvá, fjármál og flóðahættu. Væri spennandi að hafa, nú eða við annað tækifæri, erindi um TCFD og sinu- og skógarelda. Verður vonandi auglýst næstu mánaðarmótin þegar dagskrá er klár.

6. Málþing um orkunotkun 10. febrúar

Dagskrá er langt komin en hún er ennþá í mótun. Stefnt er að því að takmarka málfund við 2 klst.

7. Önnur mál

Morgunfunda er saknað. Spurning um að setja nokkra slíka á dagskrá á nýju ári, þar sem félagsmenn geta hist og rætt málin. Fyrirkomulag: t.d. stuttir morgunfundir með tveimur kynningum og svo spjalli. Þetta væri svo annað en málfundir, þar sem erindin eru fleiri, umræðupanill og umræðan dýpri (yfir lengri tíma).

Allir koma með tillögur að málefnum fyrir næsta stjórnarfund GB.

Fleira var ekki gert. Fundi er slitið kl. 14:40.